

**Nr. 18-193 S 134 Kap II VE 7*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.*: 1062  
*IMO*: 6804692  
*Útgerð*: Vinnslustöðin hf.  
*Smíðaður*: Stálvík, 1967, stál  
*Stærð*: 407,58 brl. 575,28 bt.  
*Mesta lengd*: 52,07 m *Skráð lengd*: 47,0 m  
*Breidd*: 7,90 m *Dýpt*: 6,20 m  
*Vél*: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981  
*Fjöldi skipverja*: 12



Kap II © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 1. júlí 2018 var Kap II VE 7 á netaveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: N 8 m/sek.

Þegar verið var að taka netin inn komu netateinarnir snúnir og skipverji var að snúa upp á þá áður en netið færi inn á spilið. Við þetta flæktist hann í netinu með báðar hendur og náði ekki til neyðarstoppsrofa með þeim afleiðingum að skipverjinn skarst illa á þumalfingri.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn náði að losa aðra hendina og hoppa upp á netaborðið og gat þannig komið í veg fyrir alvarlegri áverka;
- að spilið var stöðvað af öðrum skipverja sem var við vinnu á þilfarinu;
- að strax eftir slysið var bætt við einum neyðarstoppsrofa við netaborðið beint fyrir aftan spilið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.